

**SKIPULAGSSKRÁ**  
**fyrir Minningarsjóð Páls Gunnarssonar líffræðings**  
**(20. maí 1951 - 7. október 1999).**

1. gr.

Minningarsjóðurinn er stofnaður af Ingileif Bryndísi Hallgrímsdóttur, móður Páls og systkinum hans, Hallgrími Gunnarssyni, Gunnari Snorra Gunnarssyni, Áslaugu Gunnarsdóttur og fjölskyldum þeirra.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til skógræktar og að styrkja málefni sem lúta að geðvernd, svo sem Geysisklúbbinn.

3. gr.

Stofnframlag í sjóðinn er kr. 14.000.000 - krónur fjórtán milljónir og 00/100.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa systkini Páls, eða þeir er þau tilnefna. Stjórnin annast ávöxtun hans og fjárreiður. Ennfremur ákveður stjórnin árlegar styrkveitingar.

5. gr.

Árlegar styrkveitingar úr sjóðnum skulu að jafnaði skiptast að jöfnu milli þeirra málefna, sem greinir í 2. gr. Ekki má veita hærri styrki úr sjóðnum en sem nemur raunávöxtun hans þegar hann hafa verið lagðar verðbætur vegna verðlagshækkana.

6. gr.

Verði af einhverjum ástæðum talið rétt að leggja sjóðinn niður, skal höfuðstól hans varið til þeirra málefna, sem getið er í 2. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.*

F. h. r.  
**Hjalti Zóphóníasson.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*